

BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um stöðu vagnstjóra Strætó bs. sem ráðnir eru í gegnum ólík fyrirtæki. - R19040221

Í kjölfar akstursútboðs sjá verktakar um nærri því helming af akstri strætisvagna fyrir Strætó bs. Hvernig virkar launafyrirkomulag strætóbílstjóra sem keyra fyrir Strætó bs. en eru ráðnir í gegnum t.d. Kynnisferðir eða Hagvagna? Vagnstjórar sem starfa fyrir Strætó bs., í gegnum Kynnisferðir eru með lægri grunnlaun en þeir sem eru ráðnir beint sem vagnstjórar í gegnum Strætó bs. Þeir vagnstjórar hafa vakið athygli á því að þeir fái lakari kjör en bílstjórar sem eru í beinni ráðningu hjá Strætó bs. Hver er ástæða þess að grunnlaun þeirra sem eru ráðnir í gegnum t.d. Kynnisferðir eru lægri en laun þeirra sem starfa fyrir Strætó bs. þó að vagnstjórarinnir sinni sömu vinnu? Hér er um ólík fyrirtæki að ráða, sem öll sjá um að greiða sínu starfsfólki laun en óskað er skýringa á því hvernig þessi ólíku grunnlaun eru tilkomin.